

Þróun og nýsköpun í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

Birt til heiðurs dr. Ingvari Sigurgeirssyni prófessor sjötugum



Friða Bjarney Jónsdóttir og Hjörtur Ágústsson

Menntastefna Reykjavíkur- „Látum draumana rætast“, var samþykkt í lok árs 2018 eftir tæplega tveggja ára mótunarferli með aðkomu um 10.000 aðila innan og utan borgarinnar. Í þeim hópi voru börn, foreldrar, kennarar og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, erlendir og íslenskir sérfræðingar um menntamál og almenningur í gegnum Betri Reykjavík.

Áhugaverða samantekt á opnu samráði við mótun menntastefnunnar má lesa í niðurstöðum rannsóknarinnar Crowdsourcing Better Education Policy in Reykjavik (King, 2019).

Samhliða voru samþykktar almennar aðgerðir til þriggja ára þar sem lögð er rík áhersla á að „fagfólk á vettvangi í skóla- og frístundastarfi útfæri stefnuna miðað við aðstæður á hverjum stað, í náinni samvinnu sín á milli, í samstarfi við aðra fagaðila og síðast en ekki síst með virkri þátttöku barna og unglunga.“ Ein þessara aðgerða var ákvörðun um að stofna þróunar- og nýsköpunarsjóð til að styðja við sjálfsprottin verkefni á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs (í þessari umfjöllun er yfirheitið starfsstaður notað um leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðvar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og skólahljómsveitir). Tilgangur sjóðsins var frá upphafi að stuðla að framgangi menntastefnunnar með því að byggja upp frumkvæði, faglega forystu, traust og lærdómssamfélag með aukinni samvinnu starfsfólks og

stofnana, en þannig er stuðlað að samvirkni í menntakerfi borgarinnar. Fræðimenn hafa bent á að á meiri líkur séu á að samvirkni náist í þróunar- og umbótastarfi þar sem sú hugmyndafræði er lögð til grundvallar (Helga S. Þórsdóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir, 2020). Um skeið hafði þróunarsjóður borgarinnar fyrir skóla- og frístundastarf verið 20 milljónir króna með hækkun í 40 milljónir árið 2018. Samþykkt var að 200 milljónum yrði úthlutað árlega fyrstu þrjú ár innleiðingarinnar.

Í almennum aðgerðum var lagt upp með að veita starfsfólki skóla- og frístundasviðs ríkari tækifæri til starfsþróunar og tryggja þeim markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Þar var sérstaklega lögð áhersla á að efla fjölbreytt samstarf, ekki síst við Menntavísindasvið HÍ og aðrar menntastofnanir, sem hefur skilað sér í margvíslegu framboði á starfsþróun. Samhliða hefur verið lögð áhersla á markvissa þátttöku í alþjóðasamstarfi á sviði mennta- og æskulýðsmála með því að styðja við virka þátttöku grunnskóla, leikskóla og frístundamiðstöðva í evrópskum samstarfsverkefnum. Árin 2019 og 2020 hafa fengist rúmlega 125,5 m.kr í alþjóðlega styrki fyrir 33 verkefni. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu menntastefnunnar.

Önnur af almennum aðgerðum við innleiðingu stefnunnar var að setja á fót Nýsköpunarmiðju menntamála sem hefur það hlutverk að styðja starfstöðvar við innleiðingu stefnunnar, skapa vettvang fyrir þróun lærdómssamfélags og veita stuðning við þróun og nýsköpun í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Nýsköpunarmiðjan fékk jafnframt það hlutverk að leiða vinnu við að endurskoða og þróa viðmið, eyðublöð, umsóknarferli og verklagsreglur um hinn nýja sjóð. Í þeirri vinnu var leitað fyrirmynda erlendis, auk þess sem erlendir og innlendir sérfræðingar gáfu góð ráð. Finnski menntunarfræðingurinn Pasi Sahlberg, sem verið hafði ráðgjafi stýrihóps um mótun menntastefnunnar, vakti athygli á þeim áherslum sem Alberta fylki í Kanada hafði lagt til að efla traust í menntakerfinu og skapa sameiginlegan metnað fyrir nýsköpun og þróun en þær áherslur höfðu ekki síst áhrif á útfærslur þróunar- og nýsköpunarsjóðsins.

Þróunar- og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundaráðs lítur dagsins ljós

Hinn 21. febrúar 2019 samþykkti borgarráð reglur fyrir nýjan sjóð, „Látum draumana rætast“ þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs. Ákveðið var að skipta sjóðnum í tvennt, A og B hluta, og móta reglur fyrir hvorn hluta fyrir sig, ekki síst til að skapa svigrúm á hverjum starfsstað til að hefja vinnu við innleiðingu menntastefnunnar í anda samstarfs og samvirkni.

Eins og segir í reglum sjóðsins er tilgangur hans að:

stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólasterfi, grunnskólasterfi og frístundasterfi. Með verkefnum er átt við þróunar- og nýsköpunarverkefni sem stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefnin styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglinga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru fram í Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

Talsverður munur er á þessum tveimur hlutum sjóðsins. A-hlutinn er fyrst og fremst ætlaður til að styrkja þróunar- og nýsköpunarstarf innan starfsstaða en í B-hluta er gerð krafa um þverfaglegt samstarf að lágmarki tveggja starfsstaða. Þá skal í umsóknum vegna B-hluta gera grein fyrir því hvernig verkefnið tengist rannsóknum eða samstarfi við háskólasamfélagið, hvers konar samstarfi eða teymishugsun verkefnið byggji á og hvernig nýta eigi hringferli stöðugra umbóta og þróunar með það að markmiði að byggja upp lærdómssamfélag. Umsóknarferlið vegna A- og B-hluta er ólíkt þar sem gerðar eru mun meiri kröfur í B-hluta umsóknum heldur en í A- hluta umsóknum, enda er þar um að ræða viðameiri samstarfsverkefni og hærri styrki. Þrátt fyrir það er byggt á samskonar spurningum og gengið út frá því að í undirbúningi umsóknar hafi verið stofnað til lýðræðislegs samtals barna og fullorðinna við að greina helstu viðfangsefni á hverjum stað. Í umsókn þarf meðal annars að gera grein fyrir eftirfarandi:

- Hvaða áskorunum er verið að bregðast við með þessu verkefni?
- Af hverju er verkefnið mikilvægt?
- Hvaða aðstæður í félagslegu og námslegu umhverfi starfsstaðarins valda því að mikilvægt er að fara í þetta verkefni?
- Hverjir tóku þátt í samtali við að greina áskoranir og mikilvægi verkefnisins eða hvaða gögn lágu til grundvallar?
- Hvaða þætti menntastefnunnar verður fyrst og fremst unnið að í verkefninu?
- Hver eru helstu markmið verkefnisins og hvernig endurspeglar þau þætti menntastefnunnar?
- Hver verður væntanlegur ávinningur fyrir börn í skóla- og frístundasterfi?
- Hvernig verður árangur verkefnisins metinn?

Í A-hluta eru 150 milljónir sem skiptast á milli allra starfsstaða út frá reiknireglu sem tekur til rekstrarumfangs, starfsmannafjölda og barnafjölda sem starfsstaðir sækja um á vormisseri ár hvert. Í B-hluta eru 50 milljónir, en starfsstaðir borgarinnar geta sótt þangað um allt að 8 milljónir fyrir verkefni í samstarfi við aðra starfsstaði og stofnanir. Sjá: <https://menntastefna.is/throunarsjodur/>.

Samvinna um þróun og nýsköpun

Lögð var áhersla á að kynna sjóðinn og menntastefnuna vel strax í upphafi og var nálgunin styðjandi en ekki stýrandi. Haldnir voru hverfafundir í öllum borgarhlutum fyrir starfsstaði þar sem lagt var upp með samræður út frá hugmyndafræði samfélagslegrar nýsköpunar. Þátttakendur settu sig meðal annars í spor barna og ræddu brýnustu áskoranir og tækifæri í tengslum við grundvallarþætti menntastefnunnar og áhrif hennar á framtíð menntunar. Gegndu fundirnir veigamiklu hlutverki við að tryggja að allir sæju hag í því að taka strax fullan þátt í innleiðingu menntastefnunnar og að styrkjafjármagnið yrði nýtt til þess að styðja við það ferli.

Auk hverfafunda buðu fulltrúar Nýsköpunarmiðju menntamála og skrifstofu SFS upp á kynningar og fræðslu á stjórnendafundum og á starfsstöðum og ráðgjöf við stjórnendur starfsstaða vegna undirbúnings umsókna og skipulags verkefna. Tvisvar hefur verið haldið stefnumót stjórnenda hjá skóla- og frístundasviði og fræðasamfélagsins í samstarfi SFS og menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Markmiðið með þeim var að skapa afslappaðan vettvang fyrir samtal hópanna þar sem stuðlað var að „fæðingu“ fjölbreyttra samstarfsverkefna. Stefnumótið reyndist spennandi vettvangur fyrir samtal fræðasamfélagsins og stjórnenda og hefur leitt af sér fjölbreytt samstarf.



KYNNINGARFUNDUR Í LAUGALÆKJARSKÓLA 15. FEBRÚAR 2019.

Hvað þarf barnið í raun og veru (vandamálið/tækifærið) og af hverju (innsæi)?



Í öllu ferlinu við að kynna þróunar- og nýsköpunarsjóðinn hefur mikilvægi samvinnu, samvirkni og samtals um þróun menntakerfisins í nútíð og framtíð verið tíundað. Þrátt fyrir að ekki megi vanmeta gildi lítilla og stakra þróunarverkefna hafa skilaboðin frá upphafi verið þau að líta beri á þróunar- og nýsköpunarstarf sem vegferð en ekki afmarkað verkefni með upphaf og endi. Unnið er að því að þróa lærdómssamfélag þar sem leitast er við að koma auga á og styðja leiðtoga og skapa menningu sem styður við þróunar- og nýsköpunarstarf. Slík menning felur í sér að innan hvers starfsstaðar, á milli starfsstaða og í menntakerfinu öllu er leitast við að byggja upp traust til að taka áhættu, prófa, þróa, þora að mistakast, ígrunda og prófa aftur.

Valdið til breytinga liggur í höndum kennara og starfsfólks en ekki þeim stefnum eða fyrirheitum sem stjórnvöld gefa, þrátt fyrir að þau geti verið góð leiðarljós og nauðsynlegur stuðningur við útfærslu verkefna. Jón Torfi Jónasson leggur áherslu á það í nýlegri grein hér í Skólaþráðum að fátt muni breytast í menntamálum sem skiptir máli nema drifkrafturinn komi frá kennurunum sjálfum. Breytingar þurfa að hans mati að felast í „ásetningi þeirra, vitneskju og kunnáttu til að þróa menntunina þannig að þeir geti sinnt því flókna og margslungna uppeldis- og menningarhlutverki sem þeir eiga í raun að gegna“ (Jón Torfi Jónasson, 2020). Að hans mati þurfa stjórnendur og stjórnvöld að skilja „hve takmarkað áhrifavald þeirra er til að koma á breytingum ef ásetningur þeirra er ekki samofinn hugmyndum þeirra sem sjá um menntunina frá degi til dags“. Með þróunar- og nýsköpunarsjóðnum má segja að borgaryfirvöld hafi skapað dýrmætt svigrúm til að styðja við frumkvæði elju og framsýni stjórnenda og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Þróunar- og nýsköpunarverkefni árið 2019 og 2020

A-hluti þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur.


Árið 2019 bárust í A-hluta 171 umsókn um styrki og 170 umsóknir árið 2020. Öllum starfsstöðum var gert að skila inn einfaldri rafrænni umsókn þar sem gerð var grein fyrir því hvaða áskorunum væri verið að bregðast við, mikilvægi verkefnisins, tengingu þess við menntastefnuna, markmið þess og að lokum framkvæmdaáætlun. Ástæða þess að stjórnendur þurftu að skila inn umsókn frekar en að fjármagni væri einfaldlega útdelt til starfsstaða var sú að talið var mikilvægt að allir fengu tækifæri til að máta eigið starf við áhersluþætti menntastefnunnar og greina þær áskoranir sem eru til staðar á hverjum stað. Í einhverjum tilvikum höfðu stjórnendur litla reynslu af því að sækja um styrki og fyrir þá reyndist umsóknarferlið fela í sér gagnlegt lærdómsferli. Þá hafa upplýsingarnar sem fengist hafa úr umsóknunum nýst til að fá betri yfirsýn yfir áherslur starfsstaða en þær nýtast meðal annars til að skipuleggja ráðgjöf og starfsþróun.



MYND 1. FJÖLDI UMSÓKNA Í A-HLUTA ÞRÓUNAR- OG NÝSKÖPUNARSJÓÐS.


Eins og sjá má endurspeglar fjöldi umsókna fjölda starfsstaða. Flestir leikskólar skila inn einni umsókn í A-hluta en einstaka grunnskólar hafa kosið að skila inn fleiri en einni umsókn

þegar þeir eru að nýta fjármagnið í tvö aðskilin verkefni. Í Reykjavík starfa fimm frístundamiðstöðvar, ein í hverjum borgarhluta, en mikill fjöldi umsókna frá þeim kemur til vegna þess að þar hefur fjármagninu verið úthlutað til þeirra frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem tilheyra viðkomandi miðstöð. Þá hafa skólahljómsveitir borgarinnar skilað inn einni umsókn hvort ár og samreknir starfsstaðir (leikskóli, grunnskóli, frístundaheimili) hafa einnig skilað sameiginlegum umsóknum. Í umsóknarformi í A-hluta þurfa allir umsækjendur að svara því hvaða grundvallarþætti stefnunnar verður fyrst og fremst unnið að í viðkomandi verkefni. Með því að rýna í þær upplýsingar sem fengust úr umsóknum starfsstaðanna má t.d. bera saman áherslur í umsóknum eftir því hvort um grunnskóla, leikskóla eða frístundastarf sé að ræða.




MYND 2. SAMANBURÐUR Á FYRSTA VALI Á MENNTASTEFNUÞÁTTUM Í A-HLUTA VERKEFNUM SKÓLAÁRIÐ 2020-2021.


Í þeim samanburði sem sýndur er á mynd 2 má sjá að skólaárið 2020-2021 leggja margir leikskólar og frístundamiðstöðvar áherslu á félagssfærni í sínum verkefnum og þá er áhugavert að sjá hversu margir leikskólar eru að vinna með læsi. Í ár er algengast að grunnskólar leggi áherslu á fagmennsku og samstarf og ánægjulegt er að sjá fjölgun á verkefnum sem miða að því að auka virkni barna og þátttöku. Einn af kostunum við að hafa samanburðarhæf rafræn umsóknarform fyrir þróunar- og nýsköpunarverkefni yfir nokkurra ára tímabil er að þau veita mikilvægar upplýsingar um þróun yfir tíma í áherslum verkefnanna og um leið innleiðingu stefnunnar.



MYND 3. SAMANBURÐUR MILLI ÁRA Á FYRSTA VALI LEIKSKÓLA Í A-HLUTA UMSÓKNUM.



MYND 4. SAMANBURÐUR MILLI ÁRA Á FYRSTA VALI GRUNNSKÓLA Í A-HLUTA UMSÓKNUM.



MYND 5. SAMANBURÐUR MILLI ÁRA Á FYRSTA VALI FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA Í A-HLUTA UMSÓKNUM.

Það hversu margir starfsstaðir hafa lagt áherslu á sjálfsfellingu og félagsfærni í verkefnum sínum hefur skilað sér inn í framboð á fræðslu og tilboðum um stuðning við þessa þætti. Boðið hefur verið upp á fjölbreytt námskeið og fræðslu um sjálfsfellingu og félagsfærni og stór hluti verkfæra í verkfærakistu menntastefnuvefsins lýtur að þessum tveimur grundvallarþáttum. Jafnframt er reynt að tengja saman starfsstaði sem vinna að sambærilegum verkefnum en þannig má skapa vettvang fyrir starfsfólk til að hittast og læra með og hvert af öðru. Þá hefur öllum verkefnum og áherslum þeirra verið miðlað á vef menntastefnunnar sem gerir starfsstöðum kleift að fá innsýn inn í hverjir aðrir vinna að sambærilegum verkefnum og mynda í framhaldi eigin lærdómssamfélög.

Yfirlit á vef menntastefnunnar sýnir að mikill fjöldi áhugaverðra verkefna hefur fengið styrk síðustu tvö ár þó að samkomutakmarkanir og raskanir á skólastarfi tengdar COVID-19 hafi vissulega sett strik í reikninginn. Dæmi eru um að starfsstaðir hafi tekið sig saman til að auka umfang og áhrif sinna A-hluta verkefna líkt og verkefnið *Allir blómstra* sem unnið var í samstarfi leikskólanna Hólaborgar, Engjaborgar, Sunnufoldar og Funaborgar. Markmið þess var að tryggja að öll börn í leikskólunum fengju að blómstra í starfi þeirra og að valdefling allra yrði hluti af daglegu starfi. Ein leið að markmiðum verkefnisins var að útbúa myndbönd þar sem leiðbeint var um leiðir til sjálfsfellingar og eru myndböndin bæði hugsuð fyrir starfsfólk leikskóla og foreldra leikskólabarna. Myndböndunum hefur verið miðlað á vef leikskólanna sem skipulögðu verkefnið og í verkfærakistu á vef menntastefnunnar. Þetta

verkefni endurspeglar vel kjarnamarkmið sjóðsins. Þarna fær fagfólk í leikskólum tækifæri til að greina eigin áskoranir, taka af skarið af eigin frumkvæði og útbúa bjargir sem svo nýtast öllum leikskólum borgarinnar.

Bæði árin hefur verið leitað eftir athugasemdum frá stjórnendum og starfsstöðum vegna fyrirkomulags styrkjanna. Stjórnendur eru almennt sammála um að A-hluta styrkirnir séu mikil innspýting inn í starfið og auðveldi þeim að beina sjónum markvisst að þáttum menntastefnunnar og innleiðingu hennar. Þá kemur fram að með styrkjunum skapist betra svigrúm hjá starfsfólki til að vinna að innleiðingu stefnunnar og tengja við daglegt starf með börnunum. Stjórnendur starfsstaða SFS lögðu enn fremur áherslu á að með A-hluta styrkjunum væri tryggt jafnræði á milli starfsstaða en þannig fengju allir tækifæri til að hefja innleiðingu menntastefnunnar. Nú seinna árið höfðu margir áhyggjur af því að COVID-19 drægi úr þeim tækifærum sem væru til þróunar- og nýsköpunar í skóla- og frístundastarfinu og er ljóst að mörg verkefni hafa tafist eða farið hægar af stað en áætlað var. Samt sem áður er mikill hugur í stjórnendum sem vilja halda ótrauðir áfram og telja nauðsynlegt að njóta þeirrar hvatninga til framþróunar sem felst í styrkjunum.

B-hluti - Fjölbreytt samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla, frístundastarfs og háskólasamfélagsins

Eins og áður segir eru B-hluta verkefni stærri í sniðum en A-hluta verkefni. Í B-hlutanum er gerð krafa um samstarf milli starfsstaða og að verkefni tengist rannsóknum eða sé unnið í samstarfi við fræðimenn. Í B-hluta sjóðsins fengu átján verkefni styrk 2019 en alls bárust 40 umsóknir. Í kjölfar samráðs við stjórnendur haustið 2019 var tekin ákvörðun um að fækka styrkjum og hækka styrkupp hæðir í einstaka verkefnum fyrir skólaárið 2020-2021. Helstu rök fyrir því voru að árið 2019 fengu mörg verkefni umtalsvert lægri styrkupp hæðir en sótt var um fyrir. 24 umsóknir bárust fyrir skólaárið 2020-2021 en tíu verkefni hlutu styrk og voru lægstu styrkir það ár fjórar milljónir og hæstu styrkir átta milljónir. Þrjú þessara verkefna höfðu einnig fengið styrk árið 2019 og hafa því alls 25 stærri þróunarverkefni fengið styrk þessi fyrstu tvö ár. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir B-hluta verkefni 2019-2021 en af verkefnunum 25 eru sextán verkefni unnin í samstarfi við fræðasamfélagið, langflest í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ. Þá er athyglisvert að skoða hversu fjölbreytt samstarf er fyrir hendi í mörgum þessara verkefna (sjá töflu 1).

Tafla 1. Umsóknir um styrki í B-hluta

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Samstarfsaðilar	Skólaár
Allir með - valnámskeið	Hagaskóli	Laugalækjarskóli, Frosti félagsmiðstöð, Kolbrún Þ. Pálsd. HÍ	2019-2020

Betri Bústaðir - Svefn, orkudrykkir og rafrettur	Kringlumýri	Réttarholtsskóli, Fossvogsskóli, Breiðagerðisskóli, Þjónustum. Laugardals og Háaleitis, Víkingur íþróttafélag, Skátafélagið Garðbúar, Foreldrafélag Réttarholtsskóla, Foreldrafélag Fossvogsskóla, Foreldrafélag Breiðagerðisskóla	2019-2020
Leiðir til að efla tjáskipti	Klettaskóli	Aðrir grunnskólar í borginni	2019-2020
Mikilvægi gagnreyndra aðferða í félagsmiðstöðvstarfi	Kringlumýri	Miðberg, Háskóli Íslands, Vinnuskólinn	2019-2020
Rafíþróttir í 110 og 113	Ársel	Íþróttafélagið Fylkir, Ártúnsskóli, Norðlingaskóli, Dalskóli, Ingunnarskóli, Sæmundarskóli, Þjónustumiðstöð Árbæjar	2019-2020
Vísindaleikir - Varmi og hitastig	Bjartahlíð	Stakkaborg, Háskóli Íslands	2019-2020
Það þarf heilt þorp; Samstarfsverkefni um félagsfærni og sjálfsefningu	Leikskólinn Borg	Breiðholtsskóli, Bakkaborg, Bakkasel frístundaheimili, Bakkinn félagsmiðstöð, KVAN, Háskóli Íslands, Þjónustumiðstöð Breiðholts	2019-2020
Draumasviðið - Tækifæri sköpunar	Tjörninn	100og1, Austurbæjarskóli, Háskóli Íslands	2019-2020
Efling siðfræðikennslu í frístundastarfi	Undraland	Tjörninn og Háskóli Íslands	2019-2020
Föruneyti félagsmiðstöðvar	Tjörninn	Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, Lögreglan, Barnavernd, Kringlumýri, Ársel, Gufunesbær, Miðberg	2019-2020
Markviss íslenskukennsla fjöltyngdra nemenda með áherslu á ríkan orðaforða, sterka sjálfsmynd og félagsfærni í leik og starfi	Foldaskóli	Hamraskóli, Húsaskóli, Frístundaheimilin Simbað, Regnboga- land, Kastali og Háskóli Íslands	2019-2020
Rafíþróttaver	Tjörninn	Gleðibankinn og Hlíðaskóli	2019-2020
Skólafélagsfærni PEERS	Hlíðaskóli	Eldflaugin frístundaheimili, Barnaskóli Hjallastefnunnar, Suðurhlíðarskóli, Gleðibankinn félagsmiðstöð, Tjarnarskóli, Landakotsskóli, Melaskóli, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða	2019-2020

Ungmennaráð sértækra félagsmiðstöðva í Reykjavík	Miðberg	Gufunesbær, Kringlumýri, Tjörnin og Öryrkjabandalag Íslands	2019-2020
Útivist og útinám	Gufunesbær	Frístundaheimilin Brosbær, Galdraslóð, Hvergiland, Kastali, Regnbogaland, Simbað, Tígrishær, Ævintýraland, Miðstöð útivistar og útináms og Háskóli Íslands	2019-2020
Skapandi námssamfélag í Breiðholti	Fab Lab Reykjavík	Þjónustumiðstöð Breiðholts, Fellaskóli, Seljaskóli, Hólabrekkuskóli, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Fjölbrautarskólinn í Breiðholti, Mixtúra, RG Menntaráðgjöf og Vísindasmiðja Háskóla Íslands	2019-2021
Austur- Vestur. Sköpunar-og tæknismiðjur	Ingunnarskóli	Selásskóli, Vesturbæjarskóli og Menntavísindasvið Háskóla Íslands	2019-2021
Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag	Reynisholt	Brákarborg, Stakkaborg, Tjörn og RannUng	2019-2021
Orð eru til alls fyrst	Dalskóli	Geislabaugur, Ingunnarskóli, Maríuborg, Reynisholt og Sæmundarskóli	2020-2021
Lærdómssamfélag stærðfræðikennara undir leiðsögn stærðfræðileiðtoga	Fossvogsskóli	Vesturbæjarskóli, Dalskóli, Kelduskóli og Háskóli Íslands	2020-2021
Frístundafræðingur á miðstigi	Gufunesbær	Foldaskóli, Engjaskóli, Hamraskóli, Rimaskóli, Klébergsskóli, Borgaskóli, Víkurskóli, Háskóli Íslands og Íslenskuþorpið	2020-2021
Vertu velkomin í hverfið okkar - viltu tala íslensku við mig	Húsaskóli	Foldaskóli, Engjaskóli, Hamraskóli, Rimaskóli, Klébergsskól, Borgaskólai, Víkurskóli og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.	2020-2021
VAXANDI	Tjörnin	Menntavísindasvið Háskóla Íslandsí, Núvitundarsetrið, félagsmiðstöðvarnar Frosti, 105, 100og1, Gleðibankinn, Hofið, Hinsegin félagsmiðstöð samtakanna 78 og Tjarnarinnar, frístundaheimilin Frostheimar, Undraland, Selið, Skýjaborgir, Eldflaugin, Halastjarnan og Draumaland	2020-2021
Betra Breiðholt fyrir unglinga	Skóla- og frístundadeil Breiðholts	Miðberg og allir grunnskólar í Breiðholti	2020-2021

Öll sem eitt	Tjörnin	Háskóli Íslands, RannTóm, Samtökin 78, Ársel, Gufunesbær, Kringlumýri, Miðberg og félagsmiðstöðvar í Reykjavík	2020-2021
--------------	---------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------

Verkefnin endurspeglar vel gróskuna í þróunar- og nýsköpunarverkefnum og hvernig sjóðurinn þjónar sem hvatning fyrir fjölbreytt samstarf. Til þess að tryggja að verkefnin hafi sem víðtækust áhrif og að niðurstöður þeirra nái til sem flestra hefur frá upphafi verið lagt mikið upp úr sýnileika verkefna og víðtækri miðlun á niðurstöðum þeirra.

Sýnileiki verkefna - kynning og miðlun

Strax í upphafi var lögð rík áhersla á að hafa allar upplýsingar um sjóðinn aðgengilegar. Frá því að vefur menntastefnu Reykjavíkur www.menntastefna.is opnaði sumarið 2019 hefur allt efni tengt sjóðnum verið vistað þar. Þar er hægt að finna lista yfir þau 340 þróunarverkefni sem fengið hafa styrk í A-hluta sjóðsins fyrstu tvö árin eftir stofnun hans. Þá eiga þau 25 samstarfsverkefni sem fengið hafa styrk í B-hluta sjóðsins hvert sína síðu þar sem finna má upplýsingar um markmið verkefnisins, styrkupphæð, samstarfsaðila, skýrslur og afurðir. Áhugavert dæmi um gildi þessara heimasíðna er verkefnið *Skapandi námssamfélag í Breiðholti*. Auk skýrslu um verkefnið má þar finna eftirfarandi afurðir þess: vínill uppskriftarbók, leiðbeiningar um mýsli og leiðbeiningar um hvernig búa eigi til endurskinsmerki í vínillskera.

Þær afurðir sem verða til í verkefnum er einnig miðlað í gegnum verkfærakistu menntastefnuvefsins auk þess sem skapaður er vettvangur fyrir kynningar á námskeiðum, málþingum og ráðstefnum sem tengjast skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Ánægjulegt er hversu viljugir kennarar og starfsfólk eru að miðla af eigin reynslu og verkefnum með þessum hætti. Þarna er að byggjast upp dýrmætur grunnur af upplýsingum um það sem starfsfólkið sjálft telur gagnast til að efla menntun í eigin ranni.

Kynning og miðlun á verkefnum hefur ekki einungis átt sér stað á vef menntastefnunnar og á samfélagsmiðlum tengdum skóla- og frístundastarfi heldur hefur verið markvisst unnið að því að gera þróunarverkefni sýnileg bæði innan borgarinnar og á vettvangi menntamála á Íslandi. Dæmi um það eru Höfuð í bleyti, rafræn ráðstefna frístundastarfs í Reykjavík, þar sem hægt var að kynna sér yfir 20 áhugaverð verkefni. Mörg erindi á Menntakvikku Háskóla Íslands fjölluðu um þróunar- og nýsköpunarstarf í borginni og þar voru meðal annars áberandi verkefni sem snúa að innleiðingu á upplýsingatækni í skólastarfi og samspili list-, verkgreina og náttúruvísinda. Þá er í undirbúningi Mennta-stefnumót sem haldið verður 10. maí næstkomandi á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Þar verður boðið upp á fjölbreyttar kynningar á þróunar- og nýsköpunarstarfi í borginni, auk fróðleiks frá

innlendum og erlendum sérfræðingum í menntamálum.

Aukin áhersla á starfsþróun og stuðning við starfsstaði

Frá samþykkt menntastefnunnar hefur áhersla á starfsþróun aukist verulega. Í skýrslu um innleiðingu menntastefnunnar júní – desember 2019 kemur fram að það ár hafi verið haldin hátt í 650 námskeið og fræðslufundir með þátttöku tæplega 17.000 starfsmanna SFS. Það er ígildi þess að allt starfsfólk sviðsins, 5.000 einstaklingar, hafi sótt fræðslu rúmlega þrisvar sinnum árið 2019. Einnig hefur verið lögð áhersla á að setja á fót fjölbreytt lærdómssamfélög ákveðinna faghópa þvert á skóla. Þegar eru starfandi tíu slík lærdómssamfélög með meira en 200 þátttakendum.

Unnið hefur verið að aukinni starfsþróun og fjölgun námskeiða á vegum fræðimanna og sérfræðinga af vettvangi. Stórt skref í þeim efnum var tekið með undirritun samstarfssamnings SFS við Menntavísindasvið Háskóla Íslands Samningurinn kveður á um gagnvirkt samstarf um starfsþróun sem byggir á grunni menntastefnunnar annars vegar og kynningum á starfi borgarinnar á vettvangi háskólans hins vegar. Þá felur samningurinn í sér möguleika á því að starfsstaðir fái hjá kennurum og öðru starfsfólki Menntavísindasviðs ráðgjöf og leiðsögn við þróunar- og nýsköpunarstarf.

Stuðningur við þróunar- og nýsköpunarstarf

Nýsköpunarmiðjan, sem var sett á fót 2018, samanstendur af þverfaglegu teymi tíu sérfræðinga sem hefur það meginhlutverk að fylgja eftir innleiðingu menntastefnunnar. Henni er sérstaklega ætlað að styðja við þróunar- og nýsköpunarstarf í borginni, tengja saman starfsstaði þvert á leikskóla, grunnskóla og frístundastarf og skapa farveg fyrir fjölbreytta nýsköpun sem endurspeglar áherslur menntastefnu borgarinnar. Þá hefur miðjan það hlutverk að samræma og veita yfirsýn yfir starfsþróun á sviðinu. Skipulag og framkvæmd starfsþróunar er síðan unnin þvert á deildir fagskrifstofu skóla og frístundastarfs og mannauðsdeildar auk Miðju máls og læsis og Miðstöðvar útvistar og útináms.

Í vinnu við mótun menntastefnunnar urðu til viðamikil gögn um hugmyndir og áherslur þeirra sem tóku þátt í samráðinu. Þessi gögn voru meðal annars nýtt til að þróa gátlista sem starfsstaðir nýta til að meta hvernig þeim gengur að efla grundvallarþætti menntastefnunnar. Margir skólar og margar frístundamiðstöðvar hafa nýtt gátlistana meðal annars til að skoða hversu vel sé unnið að einstökum þáttum og hvar sé svigrúm til umbóta. Þessi vinna hefur verið nýtt til að móta þróunar- og nýsköpunarverkefni.

Lokaorð og framtíðin

Próunar- og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundaráðs „Látum draumana rætast“ er fjöreggið í innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar. Þau verkefni sem sprottið hafa upp fyrir tilstilli hans bera þess vott að stefnan er lifandi veruleiki. Svo vísað sé aftur til orða Jóns Torfa Jónassonar í áður nefndri grein hér í *Skólaþráðum* þá telur hann nauðsynlegt að byggja upp sterka faglega heild innan skóla, sveitarfélaga og annarra þar sem miðlað er þekkingu á þeim straumum og stefnum sem eru efst á baugi í menntakerfinu innanlands sem utan. Enginn einn getur haft þekkingu á öllu því sem þarf að gera og engin ein leið virkar til að tryggja framúrskarandi menntun á 21. öldinni. Með faglegum og fjárhagslegum stuðningi við þróun og nýsköpun, samvinnu, samvirkni og þann drifkraft sem býr í kennurum og starfsfólki borgarinnar er skapaður grundvöllur til athafna. Jón Torfi telur forsendu slíkrar þróunar fólgni í því að þeir sjóðir sem standi til boða séu öflugir:

En þetta verður að móta, sbr. það sem Reykjavíkurborg hefur bryddað upp á í þróunarverkefni sínu, Látum draumana rætast, og uppfyllir að mörgu leyti þau skilyrði sem ég er sannfærður um að þurfi að vera fyrir hendi. Sú leið felur í sér samráð um meginlínur, stuðningskerfi sem er nauðsynlegt og tryggir jafnframt að verulegur hluti frumkvæðis og fjármuna liggi hjá þeim sem taka ábyrgð á þróunarstarfinu sjálfu.

Hvort vel hafi til tekist, líkt og Jón Torfi bindur vonir við, verður tíminn að skera úr um. Gríðarlegar áskoranir hafa mætt starfsfólki í skóla- og frístundastarfi borgarinnar vegna COVID-19. Þessar áskoranir hafa víða tafið upphaf og framkvæmd verkefna, líkt og minnst var á hér að framan. Um leið hefur komið í ljós hversu mikil nýsköpun, þrautseigja og fagmennska einkennir starfið í borginni. Stjórnendur og starfsfólk hefur stigið fram, unnið saman þvert á starfsstaði, prófað nýja tækni, gert breytingar, gert mistök, lært af þeim og haldið áfram að leiða skóla- og frístundastarf við aðstæður sem fyrir örfáum mánuðum hefðu þótt óhugsandi. Inntak menntastefnunnar og áherslur hafa í þeim verkefnum sem öðrum verið leiðarljós og stuðlað að sameiningarkrafti sem er undirstaða þeirrar samvirkni sem hér hefur verið lýst. Hluti af því er hæfnin til að skapa nýjar lausnir til þess að bregðast við flóknum áskorunum.

Í bókinni *The Innovator's Mindset: Empower Learning, Unleash Talent, and Lead a Culture of Creativity* heldur George Couros (2015) því fram að nýsköpunarhugsun snúist ekki um efnislega hluti eða tækni heldur felist í gróskuhugarfari og þeirri trú að fjölbreytt þekking, hæfni og eiginleikar móti jarðveg þar sem ólíkir einstaklingar skapi saman nýjar lausnir. Couros telur mikilvægt að öll þau sem vinna að menntun barna tileinki sér nýsköpunarhugsun. Þau eru líklegust til að skilja og þekkja þarfir barnanna, geta sett sig í þeirra spor og vita hvað virkar og hvað virkar ekki. Drifkraftur þeirra kennara sem þróa lausnir til að bregðast við áskorunum er stærsta hreyfiaflið í þróun menntakerfisins, eins og Jón Torfi bendir einnig á. Við lifum í sífellt flóknari veröld og mögulega er það þessi

nýsköpunarhugsun og samvinna sem hjálpar okkur að takast á við menntun til framtíðar fyrir fjölbreyttan barna og ungmennahóp.

Þær almennu aðgerðir sem hefur verið fjallað um hér að framan eru liður í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur sem hófst 2019 en fyrsta áfanga hennar lýkur haustið 2021. Stefnan sjálf gildir til ársins 2030. Nýlega hefur skóla- og frístundaráð samþykkt að stofnaður verði Framtíðarhópur sem ætlað er að leggja grunn að nýrri aðgerðaráætlun til næstu þriggja ára. Í þeirri vinnu verður litið til þess hvernig til hefur tekist þessi fyrstu ár.

Heimildir:

Couros, G. (2015). *The Innovator's Mindset: Empower Learning, Unleash Talent, and Lead a Culture of Creativity* Dave Burgess Consulting, Inc.

Jón Torfi Jónasson. (2020). Fátt mun breytast sem skiptir máli nema drifkrafturinn komi frá kennurum. *Skólaþræðir* 21. desember
<https://skolathraedir.is/2020/12/21/jon-torfi-drifkraftur-kennara/>

Helga Sigríður Þórsdóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir. (2020). Samvirkni og samvinna í þróunar- og umbótastarfi. *Netla* 26. mars <https://ojs.hi.is/netla/article/download/3146/1861>

Fríða Bjarney Jónsdóttir *Fríða Bjarney Jónsdóttir er deildarstýra Nýsköpunarmiðju menntamála hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Fríða er leikskólakennari í grunninn með meistaragráðu í menntunarfræðum með áherslu á fjölmenningu og starfaði um árabil sem leikskólakennari, ráðgjafi og verkefnastjóri fjölmenningar. Hún hefur unnið að rannsóknum á sviði fjölmenningarlegs skólastarfs og komið að útgáfu námsefnis og fræðigreina á því sviði auk þess að sinna kennslu og stunda doktorsnám við Menntavísindasvið HÍ.*

Hjörtur Ágústsson er verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja hjá Nýsköpunarmiðju Menntamála hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Hjörtur hefur víðtæka reynslu af umsýslu styrkja og alþjóðasamvinnu í æskulýðsstarfi og menntamálum hjá Landsskrifstofu Erasmus+ á Íslandi, fyrst hjá Evrópu unga fólksins og síðar hjá Rannís. Hjörtur er með BA gráðu í Nútímafræði frá Háskólanum á Akureyri og diplómu í Evrópufræðum og Alþjóðasamskiptum frá Háskóla Íslands þar sem hann hefur einnig sinnt stundarkennslu í tómstunda og félagsmálafræði við menntavísindasvið.

Gestaritstjórn afmælisgreina Ingvars Sigurgeirssonar: Anna Kristín Sigurðardóttir
prófessor, Baldur Sigurðsson dósent og Gerður G. Óskarsdóttir fyrrverandi fræðslustjóri
Reykjavíkur.

SKÓLAÞRÆÐIR

T Í M A R I T S A M T A K A Á H U G A F Ó L K S U M S K Ó L A Þ R Ó U N

Grein birt: 20/1/2021